

FRÓÐLEIKUR

Hlýnun jarðar hefur áhrif á náttúruna, mannfólkið og dýrin. Tegundir sem kjósa norrænt loftslag hörfa en suðrænar tegundir leita norður á bóginn. Haftyrðill er hánorræn fuglategund sem verpti síðast hér á landi í kringum 1995, í Grímssey. Talið er að hlýnandi veðurfar hafi haft þau áhrif að haftyrðillinn hefur flutt varp sitt norðar. Stuttnefja er önnur tegund sem á æ erfiðara uppdráttar vegna hlýnunar. Hér á landi hafa hins vegar margar nýjar dýrategundir, svo sem fuglar og skordýr, náð fótfestu.

Í sjónum umhverfis landið hefur hlýnun valdið greinilegum breytingum á útbreiðslu og stofnstærð nokkurra nytjategunda. Þannig hafa ýsa, lýsa, skötuselur og ufsi breiðst út til norðurs en loðnan, sem er kaldsjávarfiskur, hefur hoptað og haldið sig lengra norður í höfum (sjá ítarefni).



RÆÐIÐ

- Hvaða áhrif getur hlýnun haft á fuglalíf á Íslandi?
- Hvaða áhrif haldið þið að hlýnun hafi á tegundir sem lifa á köldum svæðum, t.d. ísbirni?
- Hverjir eru kostir og gallar hlýnunar á lífríkið á Íslandi.

VERKEFNI

YNGSTA STIG

- Kynntu þér nýjar dýrategundir sem hlýnun jarðar hefur áhrif á, t.d. haftyrðillinn á Fuglavefnum. <http://www1.nams.is/fuglar/>
- Kynntu þér einn þjóðgarð og kynntu hann fyrir bekknum. Verkefni um þjóðgarða – www.heimurinn.is
- Dýrin í náttúrunni – könnun – www.heimurinn.is

MIÐSTIG

- Geitungar. Í bókinni *Geitungar á Íslandi* er fjallað um útlit, útbreiðslu o.fl. sem tengist þessum nýju landnemum. Veljið ykkur viðfangsefni og kynnið í bekknum.
- *Fuglavefurinn* nýjar fuglategundir á Íslandi.

UNGLINGASTIG

- Á heimasíðum Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar má finna heimildir um nýja landnema. Veljið ykkur viðfangsefni sem tengist lífverum og hlýnun jarðar.
- Er ísbjörn á Grænlandi í hættu?
- Áhrif á fiskistofna (þorsk, síld, makríl).
- Framandi tegundir (Spánarsnigill).
- Kynntu þér nýja landnema, t.d. glókoll.